

Framhaldsblað B hluti - Neyðartrygging

LÆKNISKOSTNAÐUR OG KOSTNAÐUR VEGNA HEIMFLUTNINGS

Váttryggjendur greiða allan kostnað að þeirri fjárhæð, sem tilgreind er í skirteini, verði váttryggður, sem nefndur er í skirteini fyrir líkamsáverkum eða veikist á gildistíma váttryggingar, þegar um er að ræða læknskostnað eða nauðsynleg útgjöld vegna ferðar váttryggðs einstaklings aftur til heimalands síns, eigi hún sér stað innan tveggja ára frá líkamsáverka eða frá því hann veikist.

2. SKILGREININGAR:

2.1 „Sérfræðingur“ merkir aðila með skráð réttindi, sem hefur læknisfræðilega eða tannlæknisfræðilega menntun, og sem:

2.1.1. hefur einhvern tíma verið ráðinn til ráðgjafarstarfa, sem fylgir umtalsverð ábyrgð í viðkomandi fagi, sem ráðgjafi á sjúkrahúsi innan opinbera heilbrigðiskerfisins; eða

2.1.2 hefur einhvern tíma verið ráðinn til starfa, sem fylgir umtalsverð ábyrgð, sem váttryggjendur að ráði fagmanna samþykja að sé á sambærilegu faglegu stigi; eða

2.1.3 nýtur viðurkenningar sem slíkur af lögskipuðum aðilum í viðkomandi landi

2.2 „Lyf og sáraumbúðir“ merkir lyf, læknislyf, sáraumbúðir, stoðtæki og lækningavörur (þar með taldir gervilimir) samkvæmt ráði sérfræðings eða starfsmanns í heilbrigðisstétt.

2.3 „Fæðingargalli“ merkir alla afmyndun, sem verður á meðgöngutíma eða orsakast af fæðingu eða verður vegna fæðingar.

2.4 „Eðlilegur viðbótarkostnaður vegna ferðalaga og upphalds“: felur meðal annars í sér útgjöld vegna flugfariða, eðlilegan kostnað vegna ferðalaga og upphalds innanlands.

2.5 „Hjúkrunarfræðingur“ merkir hæfan aðila eða daghjúkrunaraðila, sem dvelst á viðkomandi stað og sem er á núverandi skrá eða nafnaskrá hjúkrunarfræðinga, sem haldin er á vegum lögskipaðs skráningaraðila í því landi, þar sem þeir dveljast.

BÆTUR: LÆKNISKOSTNAÐUR ER SKILGREINDUR ÞANNIG:

Læknskostnaður og önnur útgjöld sem stafa af:

- Þóknun hæfs starfsmanns með læknisfræðilega menntun og þóknunum skurðlækni og annarra sérfræðinga, sem skráður starfsmaður með læknisfræðilega menntun hefur vísað til. Meðferð af hendi skráðra hnykkilækna, bein- og liðskekkjúlækna, smáskammtalækna, nálastungulækna þegar þeir eru undir beinni stjórn sérfræðings og hann hefur vísað til þeirra.
- Kostnaði vegna læknislyfja, lyfja eða lækningavara sem fengnar eru samkvæmt ráði starfsmanns með læknisfræðilega menntun, skurðlækni eða sérfræðings, sem nefndur er í 1. lið að ofan.
- Dvalarkostnaði meðan á dvöl á sjúkrahúsi eða meðferð á göngudeild sjúkrahúss eða hjúkrunarheimilis stendur.
- Heimahjúkrun þegar hún er innt af hendi af hálfu hjúkrunarfræðings strax á eftir meðferð á sjúkrahúsi eða hjúkrunarheimili, og sem ráðlögð hefur verið af hálfu sérfræðings. Þessi liður er takmarkaður við 30 daga vegna hvers meðferðartilfellis.
- Kostnaði vegna meðferðar hjá tannlækni vegna slyss, sem takmarkast við GBP 500 (eða samsvarandi fjárhæð í öðrum gjaldeyri), á hverju ári á gildistíma váttryggingar.

ÚTGJÖLD VEGNA HEIMFLUTNINGS ERU SKILGREIND ÞANNIG:

Flutningar og önnur útgjöld sem tengjast eftirtöldum atvikum:

- Flutningum og meðfylgjandi kostnaði váttryggðs (þar á meðal kostnaði vegna annarra sem nauðsynlega þurfa að ferðast með, dvelja hjá eða fylgja váttryggðum) í þeim tilvikum þegar meðferðarúrræði eru ekki tiltæk, eða tiltæk á sanngjörnu verði, í dvalarlandi eða landi þar sem atvikið á sér stað, til næsta staðar þar sem rétt aðstaða er fyrir hendi eða til heimilislands váttryggðs, samkvæmt skriflegum fyrirmælum starfsmanns með læknisfræðilega eða tannlæknisfræðilega menntun eða sérfræðings.
 - Eðlilegum viðbótar ferða- og dvalarkostnaði, sem til fellur í framhaldi af flutningi aftur til heimalands síns samkvæmt 1. lið að ofan, sé um það að ræða að heimili váttryggðs hafi verið leigt út eða selt á leigu yfir ráðningartíma vegna samnings um störf erlendis, en slíkur kostnaður er þó takmarkaður við GBP 75 (eða samsvarandi fjárhæð í öðrum gjaldeyri) á dag og greiðist einungis að hámarki í 30 daga.
 - Kostnaði vegna sjúkraflutninga, sem nauðsynlegir eru í tengslum við tryggingarbætur, samkvæmt váttryggingu þessari innan þess lands þar sem lækni meðferð fer fram.
 - Eðlilegum viðbótar ferða- og dvalarkostnaði vegna flutninga váttryggðs til heimalands (þar með talinn kostnaður farar annarra meðlima fjölskyldunnar sem nauðsyn ber til að ferðist með váttryggðum) til Bretlands eða heimilislands og ferðalag til baka sé um líkamsáverka að ræða, alvarleg veikindi eða sjúkdóm sem leiða til þess að náinn ættingi (maki, faðir, móðir, tengdaforeldrar, systir, bróðir, mágkona, mágur eða barn) sem ekki er eldri en 75 ára komist án fyrirvara á lista yfir „mjög alvarlega veika“. Hugtakið „mjög alvarlega veikur“ verður talið merkja læknisfræðilegt ástand, sem samkvæmt vöngu bresku læknasamtakanna og breskra sjúkrahúsfirvalda eða samsvarandi staðbundinna aðila, er talið vera slíkt að það leyfi það að sjúklingur sé settur á skrá yfir mjög alvarlega veika og að aðstæður leyfi að tilkynning sé send ættingjum þess eðlis að nærvera þeirra sé æskileg með tilliti til yfirvofandi hættu á því að sjúklingurinn andist.
- Engar tryggingarbætur verða greiddar vegna ferðalaga sem fara fram eftir að váttryggðum eða ættingja/um sem fylgja honum verður kunnugt um að náinn ættingi hans er látinn nema váttryggður sé beðinn um að taka að sér störf fjárhaldsmanns eða bústjóra eða til þess að undirbúa jarðarför. Bætur samkvæmt váttryggingu þessari takmarkast við fjárhæð að hámarki GBP 2.000 (eða samsvarandi fjárhæð í öðrum gjaldeyri) vegna hverrar einstakrar kröfu.
- Kostnaður vegna flutnings á líki eða ösku váttryggðs til heimilis hans/hennar, þegar um dauða er að ræða eða kostnaður vegna jarðarfara eða líkbrennslu á þeim stað þar sem dauði átti sér stað í samræmi við eðlilegar siðvenjur sem því fylgja, ef um er að ræða framhald af aðstæðum sem veita heimild til tryggingarbóta í samræmi við þetta tryggingarskirteini.

UNDANTEKNINGAR

- Ástand sem fyrir var eða þekktir líkamlegir annmarkar, veikburða líkamsástand, lélegt heilsufarsástand eða þrálátur sjúkdómur eða sjúkdómur sem kemur upp aftur og aftur, og sem var til staðar þegar, eða fyrir þann dag er váttrygging samkvæmt þessum samningi varð gild gagnvart váttryggðum.
- Eigin áhætta sem tilgreind er í skirteini dregst frá öllum viðurkenndum kostnaði sem fellur á varðandi hverja einstaka kröfu.

3. Meðganga, barnsburður eða fósturlát.
4. Fæðingargallar eða meðfæddir sjúkdómar.
5. Kostnaður sem fellur á vegna dvalar á heilsuhælum, hressingarhælum, meðferðarstofnunum, hressingarheimilum og svipuðum stofnunum.
6. Þegar gengist er meðvitað undir óvenjulega hættu (nema til þess að bjarga mannlífi) eða refsivert athæfi váttryggðs sjálfs.
7. Meðferð vegna áfengissýki, misnotkunar leysiefna, eituryfja eða vegna ávanabundins ástands og meðferð þeirra áverka, sjúkdóma eða veikinda, sem stafa beint af slíkri notkun eða slíkum ávana.
8. Meðferð vegna sálgreiningar eða sálfræðileg læknismeðferð.
9. Falskar tennur, gervitennur/tanngarður, tannréttingar, venjulegt sjónpróf og hjálpartæki vegna sjónar, venjulegt heyrnarpróf og hjálpartæki vegna heymar.
10. Sjálfsvíg eða tilraun til sjálfsvígs, meðvitaðir sjálfáverkar eða sjúkdómur.
11. Kynsjúkdómar eða aðrir sjúkdómar sem smitast vegna kynmaka.
12. Skurðaðgerð vegna lýtalækninga og meðferð sem tengist henni.
13. Líkamstjón og/eða sjúkdómur sem kemur fram eftir að váttryggður varð fullra 65 ára gamall.

Hagall er skrásett vörumerki
váttryggingarmiðlunarinnar Árni Reynisson ehf.
Kt: 541200-2820